

16. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 16. desember 2022 í fundarsal Íslenskrar Getspár að Engjavegi 6.

Mætt eru: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Þór Gestsson (GPÖ), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur G. Sigurbergsson, (GGS) Gunnar Gunnarsson (GG), Málfríður Sigurhansdóttir (MS) á fjarfundi, Gissur Jónsson (GJ), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ), Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ og Einar Þ. Eyjólfsson (EPE) fjármálastjóri UMFÍ.

Forföll: Ragnheiður Högnadóttir (RH), Lárus B. Lárusson (LBL) og Embla Líf Hallsdóttir (ELH), fulltrúi ungmennaráðs.

Formaður setti fund kl. 15:05

1. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra og fjármálastjóra

AIP og EPE greindu frá starfseminni frá síðasta stjórnarfundi.

- Fundur í Mennta- og barnamálaráðuneyti varðandi samning við UMFÍ
- Þrastaskógur og Þrastalundur
- Bláskógabyggð hefur óskað eftir viðræðum við UMFÍ um húsnæðismál ungmennabúðanna á Laugarvatni. Málið kynnt fyrir stjórn og verður lagt fyrir að nýju þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.
- Samningur þriggja ráðuneyta við Íþróttasamband fatlaðra, ÍSÍ og UMFÍ ásamt Öryrkjabandalagi Íslands og Þroskahjálpi, sem kynntur var í fjölmiðlum í gær. Framkvæmdastjóra falið að tryggja að það verði settur á stýrihóp um verkefnið.

2. Fundargerðir stjórna og nefnda lagðar fram til kynningar

- 19. fundargerð Framkvæmdastjórnar.
- 8. fundargerð Sjóða- og fræðslunefndar.
- 6. fundargerð Útgáfu- og kynningarnefndar.

3. Fjármál

Aukagreiðsla frá Íslenskri Getspá barst 2. desember sl. Henni verður deilt út til sambandsaðila samkvæmt úthlutunarreglum um lottó. Stjórn sendir Íslenskri Getspá þakkir fyrir góðan rekstur sem skilar mikilvægum stuðningi inn í starf hreyfingarinnar.

Staða framkvæmda á Engjavegi

EÐE greindi frá stöðu framkvæmdanna. Allur kostnaður er á áætlun enn sem komið er.

- Fjármögnun verkefna 2023 gengur vel.
- Framkvæmdastjóra falið að senda Mennta- og barnamálaráðuneytinu erindi um stuðning við rekstur ungmennabúða UMFÍ á Laugarvatni.

4. Tilnefningar í ráð og starfshópa - Mennta- og barnamálaráðuneyti

- Æskulýðsráð. Framkvæmdastjórn leggur til við stjórn að Ragnheiður Sigurðardóttir verði fulltrúi UMFÍ í ráðinu og GG til vara. - Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjórnar
- Starfshópur um almenningsíþróttir. Framkvæmdastjórn leggur til við stjórn að Ómar Bragi Stefánsson verði fulltrúi UMFÍ í starfshópnum og GÓ til vara. - Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjórnar.

5. Umræða um stöðu nefndarstarfs, verkefna og tímalínur

Sjá stöðu verkefna og aðgerðaráætlunar neðst í fundargerðinni.

6. Stefnumótun, skipurit og hlutverk og starfslýsingar

AIP kynnti nýtt skipurit UMFÍ. - Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra að nýju skipuriti, sem taka mun gildi um komandi áramót.

7. Önnur mál

- GÓ ræddi hlutverk og verkaskiptingu stjórnar
- Stjórn UMFÍ þakkar Íslenskri Getspá kærlega fyrir fundaraðstöðu dagsins.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt í lok fundar

Fundi slitið kl. 17:23

SÓJ ritaði fundargerð

YFIRLIT VERKEFNA

VERKEFNI	STAÐA	ÁÆTLUÐ VERKLOK	ÁBYRGÐ
Markaðsátak	Lokið	September 2022	GG
Tölvukerfi	Að klárast	Lok árs 2022	GÞG

YFIRLIT AÐGERÐARÁÆTLUNAR

VERKEFNI	STAÐA	ÁÆTLUÐ VERKLOK	ÁBYRGÐ
Eftirfylgni markaðskönnunar	Lokið	4. ársfj. 2022	Útgáfu- og kynningarnefnd
Greining á reglum	Í vinnslu	4. ársfj. 2022	Móta- og viðburðanefnd
Endurmat á aðstöðumálum	Hafið	4. ársfj. 2022	Ungmennabúðanefnd
Úthlutun úr Fræðslu- og verkefnasjóði	Lokið	Desember 2022	Sjóða- og fræðslunefnd
Tillögur varðandi fyrirkomulag íþróttahéraða, útdeilingu fjármagns og atkvæðavægi í samvinnu við vinnuhóp ÍSÍ			
Tillögur um mögulegar nýjungar í tekjuöflun fyrir UMFÍ			
Umsögn um úthlutunarreglur frá Getspá berist tillögur frá vinnuhópi um íþróttahéruð	Ekki hafið	Mars 2023	Fjárhags- og fasteignanefnd
Umsögn um endurskoðaðar sjóðs- og úthlutunarreglur UMFÍ berist tillögur frá sjóða og fræðslunefnd	Ekki hafið	Maí 2023	Fjárhags- og fasteignanefnd
Endurskoða sjóði og úthlutunarreglur UMFÍ í samræmi við hlutverk	Ekki hafið	Júní 2023	Sjóða- og fræðslunefnd
Útbúa matskvarða fyrir umhverfissjóð	Lokið	Júní 2023	Sjóða- og fræðslunefnd
Tillögur til að ná aukinni nýtingu á sumarstarfsemi	Ekki hafið	Feb 2023	Ungmennabúðanefnd
Verkferlar og handbækur uppfærðar	Ekki hafið	Júní 2023	Ungmennabúðanefnd

Fara yfir greiningu varðandi rekstur og rekstrarfyrirkomulag 2022-2023 og gera tillögur fyrir 2023-2024	Ekki hafið	Júní 2023	Ungmennabúðanefnd
Birtingaplan fyrir alla útgáfu og stærstu viðburði UMFÍ 2023.	Ekki hafið	Febrúar 2023	Útgáfu- og kynningarnefnd
Tillögur og aðgerðaráætlun út frá niðurstöðum markaðskönnunar	Ekki hafið	Febrúar 2023	Útgáfu- og kynningarnefnd